

Kristján Sturluson

From: Björn Freyr Björnsson <bjorn.freyr.bjornsson@irr.is>
Sent: 10. nóvember 2015 08:04
To: Haraldur Líndal Haraldsson
Cc: Rúnar Guðjónsson; Sigurbergur Björnsson; Kristján Sturluson
Subject: Hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn

Tilvísun í mál: IRR15090098

Góðan dag.

Ráðuneytinu hafa borist drög að nýrri hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn, sbr. erindi dags. 21. september 2015. Í erindinu er farið fram á staðfestingu reglugerðarinnar.

Í samræmi við 1. mgr. 4. gr. hafnalaga, nr. 61/2003, með síðari breytingum, setur ráðherra hafnarreglugerðir að fengnum umsögnum Samgöngustofu og Vegagerðarinnar.

Ráðuneytið hefur yfirfarið drögin og gerir eftirfarandi athugasemdir við þau. Óskað er eftir viðbrögðum Hafnarfjarðarbæjar við þeim áður en drögin verða send Samgöngustofu og Vegagerðinni til umsagnar.

- Í 4. gr. draga að hafnarreglugerð er mælt fyrir um starfs- og valdsvið hafnarstjóra. Í 1. mgr. segir að hafnarstjóri sé skipaður af hafnarstjórn, að fenginni tillögu bæjarstjóra. Hafnarstjóri heyrir undir bæjarstjóra og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar.
- Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. draga að hafnarreglugerð er Hafnarfjarðarhöfn rekin sem höfn með hafnarstjórn í eigu Hafnarfjarðarbæjar í samræmi við V. kafla hafnalaga. Í 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna segir að hafnarstjórn ráði hafnarstjóra og ákveði verksvið hans. Ekki er gert ráð fyrir aðkomu bæjarstjóra að ráðningunni. Tillaga bæjarstjóra til hafnarstjórnar getur því aðeins verið ráðgefandi en ekki bindandi.
- Þá gera drögin ráð fyrir því að hafnarstjóri heyrir undir bæjarstjóra en ekki hafnarstjórn skv. hafnalögum.

Með góðri kveðju/Best regards



Björn Freyr Björnsson lögfræðingur / Senior Legal Advisor
Skrifstofa innviða / Department of Infrastructure
Samgöngur / Transport
Innanríkisráðuneyti / Ministry of the Interior
Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 9000
innanrikisraduneyti.is / [Fyrirvari/Disclaimer](#)